

Skólameistari, aðstoðarskólameistari, kennarar, starfsfólk, samnemendur og aðrir góðir gestir

Til hamingju með daginn öll sömul.

Það er sannur heiður fyrir mig að fá tækifæri til þess að koma hér upp og segja nokkur orð fyrir hönd eldri nemenda og dreifnemenda Fjölbrotaskóla Snæfellinga. Ég eins og svo margir aðrir átti þann draum að ljúka stúdentsprófi og var hálfnaður með þá vinnu fyrir um 10 árum síðan. Eins og gengur og gerist þá tekur lífið óvæntar stefnur. Ég fór út á vinnumarkaðinn 2004 og hafði ekki snúið tilbaka fyrr en 2013. Í millitíðinni lauk ég prófi frá lögregluskóla ríkisins árið 2005.

Ég hafði hins vegar alltaf sett mér það markmið að ljúka stúdentsprófi en frestunarárátta á háu stigi kom í veg fyrir það. Ég var í gegnum tíðina búin að setja mig í samband við aðra framhaldsskóla vegna fjarnáms eða kvöldskóla en ég var aldrei nógu sannfærður um að byrja aftur og svörin sem ég fékk oft lítið hvetjandi. Þó ég hefði haft möguleika á því að skrá mig í háskólanám eða jafnvel háskólabróú eins og það hefur verið nefnt þá fannst mér ákveðið skilyrði að ljúka við framhaldsskólanámið – sérstaklega vegna þess að ég hafði byrjað á því.

Eins og ég nefndi áðan þá getur lífið stundum tekið óvæntar stefnur. Árið 2012 sat ég veðurtepptur inn í þessari fallegu byggingu þar sem við erum einmitt stödd í dag og fann upplýsingabækling fyrir dreifnemendur sem ég las í gegnum og heillaðist af dreifnámi. Ég ákvað að taka þetta til skoðunar, lét til leiðast og setti mig í samband við Helgu Lind námsráðgjafa og Hrafnhildi aðstoðarskólameistara. Strax í upphafi fann ég að viðmótið sem ég fékk hér á bæ var bæði vinalegt og hvetjandi. Hér var starfsfólk algjörlega í takt við það sem kalla má persónulega og góða þjónustu fyrir dreng sem þurfti smá spark í rassinn ef svo mætti að orði komast.

Áður en ég vissi af var ég hvattur til að fara út í bókabúð með lista og ná mér í bækur, blýant, yddara, strokleður og tryggja öruggt internetsamband á milli Grundarfjarðar og Reykjanesbæjar þar sem ég bý. Snorri var orðinn framhaldsskólanemi á ný.

Á milli þess sem ég sinnti starfi mínu og fjölskyldu þá leysti ég verkefni frá kennurum Fjölbrautaskóla Snæfellinga á kvöldin, næturnar og um helgar. Verkefnin voru skemmtileg, fræðandi og oft á tíðum krefjandi en ávallt voru leiðbeiningar frá kennurum eins og best verður á kosið. Að stunda námið í dreifnámi var ákveðinn kostur en það hafði líka sína galla. Verst þótti mér þó að geta ekki tekið þátt í umræðutímum eða kennslustundum ýmissa áfanga. Við nokkra kennara vil ég samt segja;

Sólrún – Takk fyrir að kveikja á áhuga mínum á sögu mára í Evrópu.

Haukur – Takk fyrir að kveikja á áhuga mínum á málefnum norðurslóða.

Erna – Takk fyrir að kveikja á áhuga mínum á barnabókmenntum og takk kærlega fyrir allar jákvæðu umsagnirnar þínar sem ég kunni vel að meta á meðan náminu stóð.

Hrafnhildur – Kynjafræði og afbrigðasálfræði, eigum við eitthvað að ræða það hvað þetta voru skemmtilegir áfangar?

Kennarar hér á bæ eiga mikið hrós skilið fyrir það ómetanlega starf sem þeir hafa innt af hendi en mér persónulega fannst stundum eins og það væri aldrei slakað á. Hvort sem það voru svör við fyrirspurnum á tölvupósti seint að kvöldi eða skil á úrlausnum á rauðum degi þá skynjaði ég það strax að metnaðurinn hér er ofar öllu.

Þegar ég var farinn að fá umsagnir um verkefni mín frá kennurum sem spönnuðu oft lengri texta en ég hafði skilað þá fannst mér augljóst að kennarar lögðu mikið upp úr gæðum kennslunnar.

Metnaðurinn hjá kennurum og starfsfólki Fjölbrautaskóla Snæfellinga er eftirtektarverður og finnst mér að allir þessir kennarar og starfsfólk

skólans eigi skilið gott lófaklapp frá okkur öllum hér í salnum fyrir fyrir það góða starf sem þeir inna af hendi.

Þessari önn lauk þrátt fyrir verkfall framhaldsskólakennara en það setti námið og þennan dag í ákveðið uppnám á meðan því stóð. Ég skynjaði mikinn samhug í kennurum og samhug á meðal almennings á meðan verkfallinu stóð því eins og ég hef nefnt hér í dag þá er í raun starf þeirra ómetanlegt og eðlileg krafa að þeir fái sanngjarnt kaup fyrir sína vinnu.

Þegar verkfalli lauk hins vegar farsælega var nánast eins og ekkert hefði í skorist. Námið hélt sínu striki og allir tilbúnir í að ljúka þessari önn með sæmd. Ef ég hefði fengið að ráða einhverju við gerð þessa samnings framhaldsskólakennara þá hefði ég óskað eftir því sjá auka bónusa sérstaklega tilgreinda fyrir starfsfólk Fjölbrautaskóla Snæfellinga því viðmótið ykkar og þjónusta er rándýr!

Ég get ekki lokið þessari ræðu hér í dag öðruvísi en að þakka fjölskyldu minni fyrir þann stuðning sem mér var sýndur á meðan náminu stóð. Foreldrar mínir og þá sérstaklega móðir mín heitinn hafði alltaf lagt mikla áherslu á það að ég kláraði stúdentspróf. Í dag get ég stoltur sagt að því hef ég lokið í þessum frábæra skóla og við ykkur mæður sem eruð að hvetja ykkar börn til náms vil ég segja; **skilaboðin komast alveg áleiðis í undirmeðvitundina – sumir eru bara seinni en aðrir að átta sig á mikilvægi þeirra.**

Það er aldrei of seint að byrja aftur!

Ykkur starfsfólki og stjórnendum Fjölbrautaskóla Snæfellinga hefur tekist að færa þessa frábæru menntastofnun inn í 21. öldina með þeirri tækniþyltingu sem hefur átt sér stað. Árangur ykkar er eftirtektarverður og handan við hornið bíða væntanlega enn fleiri

tækifæri. Þið hafið augljóslega náð að samtvinnu tækni og góða kosti mannfólksins með frábærum hætti og það er yndislegt að hafa fengið tækifæri til að kynna ykkur, náminu og starfinu hér.

Fyrir hönd dreifnemenda þakka ég öllum þeim sem koma að þessari stofnun með einum og eða öðrum hætti kærlega fyrir að sinna vinnunni ykkar svona stórkostlega vel!

Haldið áfram að vera eins og þið eruð og þá eru ykkur allir vegir færir.

Takk fyrir mig!

Snorri Birgisson

24.05.2014